

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	2132019
Málsnr:	1903474
Bréfal:	7531

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar  
 Strandgötu 6  
 220 Hafnarfjörður  
 b/t Rósa Guðbjartsdóttir /  
 afrit sent: öllum bæjarfulltrúum

20. mars 2019

**Erindi frá Hestamannafélaginu Sörla – ósk um framkvæmdasamning.**

Undanfarna mánuði hefur staðið yfir vinna starfshóps sem skipaður var í síðasta haust til undirbúnings uppbyggingar aðstöðu á athafnasvæði Sörla. Fyrir liggur þarfagreining íþróttatfulltrúa og undirrituð eignalýsing sem tekur á skiptingu eignarhlutfalla í reiðhöll/hesthúsi og félagsaðstöðu Sörla milli félagsins annars vegar og Hafnarfjarðarbæjar hins vegar. Þakkar stjórn Sörla Hafnarfjarðarbæ fyrir þá vinnu og farsælan endi.

Vinna starfshópsis er nú á lokastig og fyrir liggja drög að útlits teikningum og frumkostnaðaráætlun á fyrirhugaðri uppbyggingu í samræmi við þarfagreiningu.

Allt frá árinu 2007 hefur hestamannafélagið Sörli óskað eftir bættri aðstöðu á félagssvæði sínu með byggingu reiðhallar, eins og sjá má í ályktunu 45. þings í BH. Núgildandi tillaga að forgangsröðun íþróttamannvirkja frá ÍBH gerir enn fremur ráð fyrir því að næsta stóra verkefni sem ráðist verði í sé bygging reiðhallar og aðstöðu fyrir Sörla.

Hestamannafélagið Sörli óskar hér með eftir að hefja viðræður við Hafnarfjarðarbæ um gerð framkvæmdasamnings vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á athafnasvæði Sörla í samræmi við forgangsröðun ÍBH. Félagið lýsir sig reiðubúið til þess að koma að þessu verkefni með margvislegum hætti sem gæti leitt til hagræðis fyrir verkefnið enda mikill mannaður í féluginu og áhugi til þess að verkefnið verði unnið á hagkvæman hátt í fullu samráði við hlutaðeigendur.

Samkvæmt eignalýsingu er eignarhlutur félagsins miðað við núverandi mannvirkni 31,37%. Þessi eignarhlutur hefur myndast á löngum tíma með óeigingjarni vinnu félagsmanna við uppbyggingu og viðhald á svæðinu. Hestamannafélagið Sörli óskar eftir að þessi eignarhlutur verði lagður inn í fyrirhugaða uppbyggingu á svæðinu sem hlutur félagsins í framtíðaruppbryggingu hestaíþróttarinnar í Hafnarfirði. Félagið hefur stofnað byggingarsjóð og lagt til hans 10 milljónir króna af eigin fé og mun á næstu dögum standa fyrir söfnunarátaki meðal félagsmanna og almennings til að safna enn frekar fyrir framkvæmdunum. Þannig vill félagið sýna ábyrgð og samhug félagsmanna til verkefnisins, sem beðið hafa lengi eftir framkvæmdum, í yfir áratug.

Félagið leggur áherslu á mikilvægi þess að sem flestir geti kynnt hestaíþróttinni, börn í tengslum við skólastarf, ungmanni með námskeiðum og félagshesthúsi og sérstök áhersla er á að tryggja að fatlaðir geti notið hestaíþróttarinnar. Félagið sendir á næstu dögum út boð til allra skólastjóra grunnskóla í Hafnarfirði og Flensborgarskóla um fund með þessum aðilum þar sem möguleikar á aukinni kennslu og menntun í

hestaíþróttinni verða kynntir í samráði við menntaða reiðkennara og leitað verður eftir samstarfi við skólana um kennslu á skólatíma, sem hefjist strax næsta haust. Möguleikar félagsins til að vera virkilegur valkostur fyrir skólastarf munu margfaldast með nýju mannvirkni.

Það er von félagsins að skjótt sé hægt að bregðast við ofangreindri ósk félagsins um framkvæmdasamning, okkur er ekker að vanbúnaði.

Virðingarfyllst

Fh. Sörla



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Atli Már Ingólfsson". The signature is fluid and cursive, with a large, sweeping flourish at the end.

Atli Már Ingólfsson, form.